



Reykjavík 16. febrúar 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

**Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar
um
frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum
(Þingskjal 889 – 512. mál)**

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjörg (SL) vill koma eftirfarandi ábendingum/umsögn á framfæri:

Eins og fram kemur í frumvarpinu er markmið laganna að vernda umhverfi og heilsu fólks með því að koma í veg fyrir mengun af sinubrennu, öðrum gróðureldum og meðferð elds á víðavangi. Þá er einnig markmið laganna að tryggja öryggi og vernd lífs og eigna.

Útfrá sjónarmiði slysavarna telur stjórn SL að útgáfu leyfa til sinubruna eigi að takmarka eins og frekast er kostur og að leyfi til slíks verði bundið mjög þröngum skilyrðum með almannahagsmuni að leiðarljósi.


Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar vill vekja athygli á því að þrátt fyrir að annað meginmarkmið frumvarpsins sé „að tryggja öryggi og vernd lífs og eigna“ þá er í engu getið um kröfur til gerðar viðbragðs- eða rýmingaráætlana svæða sem mögulega stafar ógn af sinubrunum eða gróðureldum. Krafa til ríkis og sveitarfélaga um gerð viðbragðsáætlana birtist vissulega í lögum um almannavarnir en stjórn SL telur mikilvægi þessara þátta, og samhengi þeirra í heildarvörnum gegn gróðureldum, það mikið að ekki eigi að láta þeirra ógetið í þessu frumvarpi og að setja ætti inn kröfu um slíka áætlanagerð, sem nánar yrði útfærð í reglugerð.

Gróðureldar á byggðum svæðum s.s. í Skorradal, í Grímsnesi og á fleiri stöðum þar sem þéttbýl frístundabyggð er á kjarri vöxnu landi geta hæglega stofnað lífi og heilsu fjölda fólks í hættu ef upp koma. Þá má gera ráð fyrir að aðkoma bjarga og björgun fólks geti verið miklum erfiðleikum bundin ef upp koma gróðureldar á slíkum svæðum. Þörfin fyrir vönduðum viðbragðs- og rýmingaráætlunum er því mjög brýn.

Stjórn SL leggur til að við frumvarpið verði bætt ákvæði sem geri kröfu til viðkomandi yfirvalda skipulags- og almannavarna um gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana fyrir landssvæði sem álitíð er að geti stafað ógn af sinubruna eða gróðureldum.

Virðingarfyllt

f. h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar


Jón Svanberg Hjartarson
framkvæmdastjóri



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG